

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 28. Mars 2017 á Kjóavöllum.

7. fundur

Fundur hófst kl. 17:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Sigurður Tyrfingsson, Kristín Njálsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Ragna Emilsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj..

Helga Hermannsdóttir og Hermann Vilmundarson boðuðu forföll.

Á þessum sjöunda fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Gjaldkeri fór yfir fjármál félagsins þar á meðal stöðu á greiddum félagsgjöldum. Þeir félagar sem enn eiga eftir að greiða eru hvattir til að gera það hið fyrsta. Farið var yfir lista af ógreiddum reikningum til félagsins.
3. Fyrirkomulag á greiðslum til dómara yfirfarnar. Formaður mun taka málið upp við formann Dómarafélagsins.
4. Almennur félagsfundur er boðaður 6 apríl næstkomandi, dagskrá fundarins eru skipulags og umhverfismál ásamt öðrum málum.
5. Bréf frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs tekið fyrir. Erindi bréfsins eru kvartanir sem borist hafa vegna lausagöngu hunda á félagssvæði og þeirra slyshættu sem að því fylgir. Einnig ítrekar Heilbrigðiseftirlíð að ekki má nýta hús og lóðir á félagssvæði undir annað en það sem samþykkt hefur verið af hálfu bygginganefndar.
6. Erindi Kvennatölsnefndar tekið fyrir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir.